

Fundargerð Háskólaráðsfundar 23. maí 2012

Kl. 14.00 – 16.00 í Guðmundarstofu

Mætt: Bryndís Hlökkversdóttir, María Einarsdóttir, Brynjólfur Magnússon, Stefán Sveinbjörnsson, Þórir Páll Guðjónsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Hallur Jónasson.

Fjarverandi: Snæfríður Baldvinsdóttir, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Elísabet Guðrúnardóttir, Alma Jónsdóttir, Jón Ólafsson, Jón Ingi Smáráson.

1. Fundargerð síðasta fundar nr. 133

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Ný skipulagsskrá Háskólans á Bifröst

Rektor kynnti nýja skipulagsskrá skólans sem tekur við af samþykktum skólans frá og með ársfundi skólans þann 30. maí næstkomandi en þann dag verður jafnframt aðalfundur skólans. Helstu breytingar með tilkomu skipulagsskrárinnar eru í fyrsta lagi tilkoma fulltrúaráðs sem í sitja 15 fulltrúar og verður æðsta vald skólans og hefur það hlutverk að fjalla um ársreikninga og ársskýrslur og hittist ekki sjaldnar en einu sinni á ári í kringum aðalfund sem jafnframt er ársfundur skólans samkvæmt háskólalögunum. Hægt er að kalla ráðið saman oftár ef til tilefni gefur til.

Önnur breyting sem á sér stað með tilkomu skipulagsskrárinnar er skipun í stjórn skólans. Fulltrúar í stjórn skólans hafa verið tilnefndir þrír frá Samtökum atvinnulífsins, einn frá Hollvinasamtökum Bifrastar og einn frá háskólaráði. Samkvæmt nýju skipulagsskránni eru fulltrúar í stjórn skólans einn frá Samtökum atvinnulífsins, einn frá Borgarbyggð, einn frá háskólaráði, einn frá Hollvinasamtökunum og einn frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga.

Þriðja stóra breytingin sem stjórnin ákvað með tilkomu nýrrar skipulagsskrár er breyting á nafni skólans. Nafnið breytist úr Háskólinn á Bifröst yfir í Háskólinn Bifröst.

3. Kjör í stjórn og fulltrúaráð Háskólans á Bifröst

Rektor lagði fram tillögur um fulltrúa í stjórn skólans og nýtt fulltrúaráð.

Ástráður Haraldsson fer úr stjórn skólans og tillaga var borin upp um að Ingibjörg Þorsteinsdóttir taki hans sæti í stjórninni og til vara Ingibjörg Ingvadóttir. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Rætt að fulltrúar háskólaráðs í fulltrúaráð verði einn starfsmaður, einn nemandi og einn kennari og var háskólaráð samþykkt þeirri tilhögun.

Tilnefningar um fulltrúa í fulltrúaráðið voru bornar upp. Brynjar Þór Þorsteinsson var tilnefndur fyrir starfsmenn, Íris Hauksdóttir fyrir hönd nemenda og Sigrún Lilja Einarsdóttir

fyrir hönd kennara. Stungið var upp á Þóri Páli Guðjónssyni sem varamanni þeirra. Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Kjör í jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd hefur það hlutverk að fylgja eftir jafnréttisáætlun skólans og

Rektor tilnefnir formann, nemendur tilnefna einn fulltrúa og starfsmannafundur einn fulltrúa. Eftirtaldir fulltrúar voru tilnefndir og Jón Freyr Jóhannsson formaður, Fjóla Einarsdóttir, fulltrúi starfsmanna og Kristín Þorgilsdóttir fulltrúi nemenda.

5. Aðalfundur Háskólans á Bifröst 30. maí

Rektor gerir grein fyrir dagskrá aðalfundar skólans þann 30. maí en þann dag verður líka ársfundur skólans.

6. Endurskoðaður ársreikningur 2011

Framkvæmdastjóri rekstrar og húsnæðis fór yfir endurskoðaða reikninga síðasta árs. Á síðasta ári kom aukið stofnfé inn í skólann. Fjármál skólans eru komin í gott lag, skólinn stendur í skilum með allar skuldbindingar sínar og allt bendir til þess að á næsta ári verði hagnaður á rekstrinum.

Enn standa yfir viðræður við Íbúalánasjóð varðandi Nemendagarðana. Viðræðurnar hafa staðið yfir í langan tíma en nú sér fyrir endann á samningagerðinni.

7. Árlegur fundur með fulltrúum gæðaráðs háskólanna

Gæðastjóri kynnti dagskrá fundarins fyrir háskólaráði og fór yfir tilgang hans. Fundurinn á að vera óformlegur og byggir á upplýsingagjöf skólans um þróun gæðakerfis og eflingu þess undanfarin misseri.

8. Heimboð á Bifröst föstudaginn 25. maí

Hallur Jónasson fór yfir dagskrá dagsins þegar boðið er heim á Bifröst. Hugmyndin er að bjóða þeim sem hafa áhuga á að koma í nám á Bifröst í heimsókn, kynna skólann, námið, nemendagarða og þá þjónustu sem er í boði við skólann og í nærumhverfi hans. Gestir fá kvöldverð og gistingu á Bifröst þetta kvöld og fá að kynnast Bifrastarandanum.

9. Útskrift 2. júní

Framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu gerð grein fyrir útskriftinni þann 2. júní. 52 nemendur munu útskrifast úr öllum námslínunum nema frumgreinadeildinni en útskriftin þar er í haust.

10. Heimsókn frá Laurea Univeristy of Applied Sciences og Aarhus Business School

Sigrún Hermannsdóttir gerði grein fyrir heimsókn Penille Kallehave frá Aarhus Business School sem var þáttur í innleiðingu PRME í Háskólann á Bifröst. Hún tók þátt í málþinginu „Ábyrgir stjórnendur – hlutverk háskóla“ þar sem hún flutti opunarerindið. Pernille hitti stjórnendur og kennara í heimsókn sinni og miðlaði af reynslu sinni við innleiðingu PRME í ABS. Það er mikilvægt að virkja nemendur, kennara og starfsfólk í innleiðingarferlinu og finna leiðir til að laða fram hugmyndir úr hópnum sem hægt er að þróa. Samstarfi við ABS verður haldið áfram í innleiðingarferlinu og í þróunarvinnu.

Elina Wainio frá Laurea háskóla í Finnlandi kom í viku heimsókn og kynnti Peer to peer (P2P) kennslufræði sem unnið er eftir í einni námslínu við skólann. Hún hitti nemendur, kennara og starfsfólk. Samstarfi við skólann verður haldið áfram og hugsanlega þrouð sameiginleg nemendaverkefni milli skólanna.

11. Fundir háskólaráðs næstu mánuði

Ákveðið að fella niður fund sem dagsettur er í næstu viku, og færa síðasta fund annarinnar frá 27. júní fram til 20. júní.

12. Önnur mál

- Fjalladagatal Bifrastar er tilbúið og í boði eru allskonar fjöll fyrir vana og óvana göngugarpa.
- Fundin hefur verið lausn á hættum vegna leiktækja á leikvelli með því að
- Sjéntilmannaklúbbur Bifrastar hefur tekið að sér að laga veg fyrir aftan skólabygginguna. Deilt hefur verið um hvort Borgarbyggð eða Vegagerð Ríkisins ætti að sjá um viðhald á veginum. Sú deila hefur staðið of lengi og klúbburinn hefur því undirbúið viðgerð á veginum.
- Hugmynd kom um að fá leiktæki á túnið fyrir framan Sjónarhól, nemendur vilja taka að sér að kanna hvaða möguleikar eru fyrir hendi.
- Hækkun á heitu vatni
Samningur skólans við Orkuveitu Reykjavíkur um afslátt á heitu vatni er runnin út og í kjölfarið hækkaði heita vatnið til nemenda. Fulltrúi íbúaráðs benti á að hækkunin kom án fyrirvara og snerti nemendur illa og ræddi að fram hafi komið hugmyndir um hvort að skólinn geti lækkað húsaleiguna. Skólinn getur ekki niðurgreitt leiguhúsnæðið og því ekki hægt að lækka húsaleiguna beint til nemenda.
- Aflestur mæla í Útgarði
- Ýmis málefni nemenda
Umræður fóru fram um ýmis mál á háskólasvæðinu
- Rekstur kaffihúss
Fyrirspurn kom um hvort að áherslubreytingar verði á kaffihúsinu. En nú hefur verið ráðin hótél og veitingastjóri fyrir kaffihúsið og Hótél Bifröst.
- iPad tilboð
Framkvæmdastjóri rekstrar og þjónustu gerði grein fyrir hugmynd um að skólinn vildi gera nemendum kleift að kaupa iPad með því að létta þeim greiðslubyrgði við kaupin. Hugmyndin fékk góðar undirtektir og áfram verður unnið að málinu.